



# Saltsýruþvottur

Á yfirborði steypu liggur oft laust bundin sementshúð, sem flagnar að lokum af. Sementshúðina verður því að fjarlægja, svo hægt sé að mála sjálfa steypuna.

Sementshúð er m.a. hægt að fjarlægja með saltsýruþvotti.

## **Framkvæmd**

- Fyrst skal fjarlægja öll óhreinindi af fletinum, svo að saltsýran komist í beina snertingu við sementshúðina. Fitu og olíu skal fjarlægja með tilheyrandi hreinsiefnum.
- Blandið hæfilega sterka blöndu af saltsýru. Yfirleitt dugar 12 % saltsýra (1 lítri af hreinni saltsýru á móti 2 lítrum af vatni).

### ***Hellið alltaf sýrunni út í vatnið og hrærið vel í á meðan!***

Þegar sterk sýra og vatn koma saman myndast mikill hiti. Sé farið að á rangan hátt sýður vatnið í sýrunni og sýra getur gusast úr ílátinu.

- Hellið saltsýrublöndunni á flötinn og dreifið úr henni með strákústi, þannig að um 1 lítri fari á 2-3 m<sup>2</sup>. Látið nú saltsýruna vinna á sementshúðinni í u.þ.b. 20 mínútur. Á meðan má strjúka einu sinni yfir flötinn með strákústi.
- Þegar saltsýran hefur unnið á allri sementshúðinni, er ráðlegt að skola tvisvar og sópa mestu af vatninu í burt á milli. Mikilvægt er að skola vel!
- Látið flötinn þorna og aðgætið hvort saltsýran hafi náð að leysa upp alla sementshúðina. Fjarlægja skal sementshúðin algjörlega í burt og hvergi má vera laust yfirborð. Ef svo er ekki skal endurtaka saltsýruþvottinn, þangað til að öll sementshúð og laust yfirborð hefur verið fjarlægt.
- Flöturinn þarf síðan að þorna vel fyrir málun.



## **Varúðarráðstafanir**

Gætið fyllstu varúðar við meðhöndlun saltsýru! Hún er mjög hættulegt efni, jafnvel mikið þynnt. Hún brennir hörund, étur göt á föt, tærir járn, stál og fleira. Ef saltsýran berst á óæskilega staði, skal strax skola hana rækilega í burt með miklu vatni.

- Þegar unnið er með saltsýru skulu menn klæðast hlífðarfötum, úr vínyl eða gúmmí, bera gúmmihanska og hafa hlífðargleraugu til varnar augum.
- Ávallt skal nota gler- eða plastílát undir saltsýru. Þeim skal loka með traustu og þéttu loki, svo að saltsýrugufan sleppi ekki út.



### **Inniheldur saltsýru.**

Ætandi. Ertir öndunarfæri. Berist efnið í augu skal strax skola vandlega með miklu vatni og leita læknis. Notið viðeigandi hlífðarfátnað, hlífðarhanska og hlífðargleraugu / andlitsgrímu. Leitið umsvifalaust læknis ef slys ber að höndum eða ef lasleika verður vart; sýnið umbúðamerkingarnar ef unnt er.

**Geymist þar sem börn ná ekki til!**